

Melgerði 11, 200 Kópavogur – Skoðun byggingarfulltrúa

Byggingarfulltrúi og aðstoðarbyggingarfulltrúi fóru þriðjudaginn 1. október 2024 í skoðun á Melgerði 11. Í húsinu eru þrjár íbúðareiningar, ein á fyrstu hæð hússins, önnur á annarri hæð hússins og sú þriðja í bílskúr hússins. Búið er að er að fjarlægja bílskúrshurð og setja timburvegg með glugga í staðin, byggja býslag á austur gafl hússins ca. 1,7 metrar á hvorn kant, loka stigagati milli fyrstu og annarrar hæðar. Búið er að breyta innraskipulagi íbúða miðað við síðustu samþykktu teikningar af húsinu frá 1962 til 1971. Allar íbúðareiningar hússins eru nýlega uppgerðar þar sem allar lagnir hafa verið endurnýjaðar, gluggar, gólfefni og baðherbergi, jafnframt hefur þak hússins verið endurnýjað. Samtals eru svefnstæði í húsinu fyrir níu mans. Í hverri íbúðareiningu eru slökkvitæki, reykskynjarar og eldavarnarteppi.

Breytingar á ytrabyrði hússins, þ.e.a.s. breyting á bílskúrshurð og býslag var gert áður en núverandi eigandi eignaðist húsið.

Þrjár fjölskyldur virðast búa í þessum íbúðareiningum, en ekki starfrækt herbergja leiga.

Kveðja,

Valdimar Gunnarsson

Byggingarfulltrúi

Dígranesvegur 1, 200 Kópavogur

valdimarg@kopavogur.is

Sími: 441-0000